ÍR b - Breiðablik	56-103
Skallagrímur - Laugdælir	89-79
Valur - ÍA	115-68

Grindavík - KR	101-75
Keflavík - UMFN	124-55

8-liða úrslit

Valur - Breiðablik	95-73
Keflavík - Skallagrímur	20-0

Grindavík - KFÍ	20-0
Haukar - ÍR	100-48

4-liða úrslit

Keflavík - Valur	78-56
------------------	-------

Haukar - Grindavík	67-69
--------------------	-------

Úrslit:

<u>Keflavík - Grindavík</u>	<u>86-64</u>
-----------------------------	--------------

UNGLINGAFLOKKUR KVENNA

Undankeppni:

UMFN - ÍR	66-50
Laugdælir - KR	31-59

Grindavík - Snæfell	59-44
---------------------	-------

8-liða úrslit:

Breiðablik - Keflavík	50-63
Haukar - Skallagrímur	41-55

UMFN - Grindavík	55-19
Tindastóll - KR	65-46

Undanúrslit:

Keflavík - Skallagrímur	87-22
-------------------------	-------

UMFN - Tindastóll	Úrslit vantar
-------------------	---------------

Úrslit:

<u>Keflavík - UMFN</u>	<u>67-36</u>
------------------------	--------------

DRENGJAFLOKKUR

Undankeppni:

Keflavík - KR c	76-63
Keflavík b - Þór Ak.	66-55

Haukar - Valur	67-52
KFÍ - Tindastóll	Úrslit vantar

16-liða úrslit:

Skallagrímur - Laugdælir	69-63
Breiðablik - Haukar	42-84
ÍR b - Tindastóll	30-94
Keflavík b - KR	68-75

KR b - UMFN	55-66
ÍR - Leiknir	81-49
Stjarnan - Keflavík	54-73
Fjölnir - ÍA	58-66

8-liða úrslit:

UMFN - ÍR	74-67
ÍA - Skallagrímur	Úrslit vantar

KR - Keflavík	70-48
Haukar - Tindastóll	Úrslit vantar

4-liða úrslit:

KR - Tindastóll	50-45
-----------------	-------

Skallagrímur- UMFN	70-67
--------------------	-------

Úrslit:

<u>KR - Skallagrímur</u>	<u>90-47</u>
--------------------------	--------------

STÚLKNAFLOKKUR

Undankeppni:			
UMFN - Keflavík b	44-34	UMFG - Skallagrímur	20-0
8-liða úrslit:			
Tindastóll - ÍR	20-0	UMFN - Keflavík	35-33
Snæfell - Breiðablik	35-29	KR - Grindavík	23-43
4-liða úrslit:			
UMFG - Snæfell	44-41	UMFN - Tindstóll	Úrslit vantar
Úrslit:			
<u>Grindavík - Tindastóll</u>	<u>44-27</u>		

10. FLOKKUR

Undankeppni:			
Haukar - UMFN	55-81	Keflavík - Baldur	92-35
Valur - Stjarnan	31-58	Tindastóll - Breiðablik	62-41
16-liða úrslit:			
Grindavík - Stjanran b	81-20	Þór Ak. - Reynir	20-0
Snæfell - Fylkir	72-64	KR b - Leiknir	57-51
Skallagrímur - Keflavík	45-62	KR - ÍR	66-48
Tindastóll - Keflavík b	91-36	Stjarnan - UMFN	76-88
8-liða úrslit:			
Grindavík - KR b	55-54	Keflavík - Snæfell	119-27
KR - Tindastóll	77-56	UMFN - Þór Ak.	100-50
4-liða úrslit:			
Keflavík - Grindavík	70-45		
UMFN - KR	69-78		
Úrslit:			
<u>KR - Keflavík</u>	<u>43-61</u>		

9. FLOKKUR

Undankeppni:			
Valur - Haukar	36-35	Keflavík b - Snæfell	29-78
16-liða úrslit:			
Skallagrímur - Breiðablik	44-43	Leiknir - Keflavík	41-53
Þór Þ - Fylkir	54-35	KR - Stjarnan	87-28
Tindastóll - UMFN	50-58	Valur - KR b	46-49
Snæfell - ÍR	81-75 (67-67)	Fjölnir - Grindavík	Úrslit vantar
8-liða úrslit:			
Keflavík - Grindavík	94-43	UMFN - KR	55-49
Snæfell - KR b	71-30	Skallagrímur - Þór Þ	51-38
4-liða úrslit:			
UMFN - Snæfell	68-54	Keflavík - Skallagrímur	57-46
Úrslit:			
<u>UMFN - Keflavík</u>	<u>61-41</u>		

LENGJUBIKAR

16-liða úrslit:

ÍS - Grindavík	48-105	Þór Þ - Haukar	55-84
Grindavík - ÍS	106-53	Haukar - Þór Þ	94-49
Valur - UMFN	69-99	ÍA - KR	79-79
UMFN - Valur	89-73	KR - ÍA	82-79
KFÍ - Skallagrímur	72-69	Snæfell - Keflavík	77-121
Skallagrímur - KFÍ	93-75	Keflavík - Snæfell	122-82
Breiðablik - Tindastóll	75-71	Þór Ak. - ÍR	81-87
Tindastóll - Breiðablik	101-71	ÍR - Þór Ak.	112-87

8-liða úrslit:

Skallagrímur - UMFN	70-77	KR - Haukar	73-70
UMFN - Skallagrímur	77-70	Haukar - KR	76-89

ÍR - Keflavík

90-101

81-81

Keflavík - ÍR

86-85

Tindastóll - Grindavík

82-69

Grindavík - Tindastóll

4-liða úrslit:

UMFN - Keflavík	103-114	KR - Grindavík	93-68
-----------------	---------	----------------	-------

Úrslit:

KR - Keflavík 101-107

MEISTARAKEPPNI

Karlar:

Grindavík - Haukar

95-79

Konur:

Keflavík - UMFN

70-54

STJÖRNULEIKUR KKÍ

SPRITE-LIÐ - ESSÓ-LIÐ 114-122

SPARISJÓÐAMÓT FRAMHALDSSKÓLANNNA

Karlar:

Alls tóku 20 skólar þátt í mótinu og var þeim skipt í 6 landshlutariðla.

8-liða úrslit:

VÍ - FS	81-82	FSU - FÁ	74-80
ME - VMA	20-0	FVA - MK	50-61

4-liða úrslit:

MK - FA	95-79	FÁ - ME	74-76
---------	-------	---------	-------

Úrslit:

ME - MK Úrslit vantar

Konur:

Alls tóku 9 skólar þátt í kvennamótinu og var þeim skipt í 4 riðla:

4-liða úrslit:

FSU - FAS	20-0	FVA - FS	20-0
-----------	------	----------	------

Úrslit:

FVA - FSU 52-37

Fyrir hönd mótanefndar KKÍ
Björn Leósson

SKÝRSLA DÓMARARNEFDAR 1996-1997

Dómaranefnd var skipuð eftirtöldum: Leifur S. Garðarsson formaður og Kristinn Óskarsson, kosnir af dómurum og Helgi Bragason, skipaður af stjórn KKÍ.

HAUSTFUNDUR

Hinn árlegi haustfundur dómarar var haldinn á Laugavatni á haustdögum. Þar þreyttu dómarar þrekpróf og skriflegt próf og haldnir voru fyrirlestrar um hin ýmsu málefni sem snerta dómgæsluna. Á fundinn mættu yfir 30 dómarar.

FJÖLDI DÓMARA

Dómarar í A-flokki voru 17 talsins í vetur. Er þetta svipaður hópur og verið hefur s.l. tvö keppnistímabil. Dómarar í þessum flokki dæmdu leiki í DHL-deildinni svo og úrslitaleiki og leiki í úrslitakeppnum elstu flokka.

BÚNINGAMÁL

Búningamál dómara eru á tímamótum og fyrir næsta tímabil er stefnt að því að klæða dómara í nýja búninga.

STYRK TARAÐILAR

Dómaranefnd endurnýjaði samning sinn við Tóbaksvarnarnefnd fyrir keppnistímabilið. Auglýsingarnar „Góð heilsa er gulli betri“ og „Bætra líf án tóbaks“ voru því sem fyrst áberandi á dómarabúningum í efstu deildum.

DÓMARANÁMSKEIÐ

Nokkur minni dómararnámskeið voru haldin í vetur. Mæting á dómaranámskeið sem félögin hafa óskað eftir hefur hins vegar verið léleg og er spurning hvort KKÍ ætti ekki að innleiða dómaranámskeið sem skyldu fyrir alla leikmenn í t.d. drengja- og stúlknaflokk.

LANDSLEIKIR INNANLANDS

Íslenskir dómarar dæmdu ásamt norskum dómara two A-landsliði Íslands og Noregs í karlaflokk i mai mánuði.

VERKEFNI DÓMARA ERLENDIS

Helgi Bragason dæmdi leik í Evrópukeppni félagsliða í Svíþjóð í október.

Helgi Bragason dæmdi leik í Evrópukeppni félagsliða á Englandi í nóvember.

Leifur S. Garðarsson dæmdi two leiki í Evrópukeppni félagsliða á Spáni í október.

Leifur S. Garðarsson dæmdi á 50 ára afmælismóti danske körfuknattleikssambandsins í Kaupmannahöfn í desember.

Leifur S. Garðarsson dæmdi á Evrópumóti drengjalandslíða í Portúgal í á apríl.

Kristinn Albertsson dæmdi two leiki á Evrópukeppni félagsliða í Belgíu í október.

Kristinn Albertsson dæmdi þrjá leiki á Evrópukeppni félagsliða í Frakklandi í nóvember.

Kristinn Albertsson dæmdi landsleik Englendinga og Portúgala í Evrópukeppni landsliða á Englandi í janúar.

Rógnvaldur Hreiðarsson dæmdi á Polar Cup unglingslandsliða pilta í Finnlandi í desember.

Kristján Möller dæmdi á Polar Cup stúknalandsliða í Danmörku í desember.

Einar Þór Skarphéðinsson fór með unglingslandsliði pilta til Skotlands í janúar.

VERKEFNI Á DÖFINNI

Kristinn Albertsson dæmir á EM kvennalandslíða í Finnlandi á mai.

Helgi Bragason, Kristinn Albertsson og Leifur S. Garðarsson dæma á Smáþjóðaleikunum þí júní byrjun.

ÞÁ FARA DÓMARAR Í EFTIRTALDAR FERÐIR

A-landslið kvenna til Írlands í mai.

A-landslið karla til Noregs í mai.

Landslið 22 ára á Polar Cup í júní.

Fyrir hönd dómararnefndar KKÍ
Leifur S. Garðarsson



SKÝRSLA AGANEFNDAR

Alls bárust 29 mál til meðferðar aganefndar KKÍ keppnistímabilið 1996-1997. Af þessum 29 málum voru 26 frá dómurum og 3 frá félögum. Þá voru kærur þessar 25 á hendur leikmönnum, 3 á hendur þjálfurum og 1 á hendur félagi.

Alls voru 7 kærur vegna leikja í DHL-deild, 4 vegna 1. deildar karla, 2 vegna 2. deildar karla, 6 vegna ungingaflokks karla, 2 vegna drengjaflokks, 1 vegna 10. flokks og 3 vegna 9. flokks karla. Athygli vekur að engin kona var kærð til aganefndar í ár fremur en mörg fyrri ár. Hins vegar voru allir þeir þríþjálfarar sem kærðir voru í ár þjálfarar kvennnaliða.

Af þeim 29 málum sem bárust voru aðilar úrskurðaðir í leikbönn í 25 tilvikum, alls 31 leikir í bann. Áminning var niðurstaðan úr 1 kæru og í önnur 1 skipti þótti ekki ástæða til að beita refsingum. Þá var 2 kærum vísað frá.

Aganefnd lýsti í síðustu skýrslu sinni yfir þungum áhyggjum af aukni ofbeldi í körfuknattleiknum sérstaklega hjá leikmönnum yngri flokka. Mótmæli og jafnvel árásir á dómarar voru þá áberandi. Nefndin fagnar því að slik mál komu ekki upp í vetur og vonar að framhald verði þar á.

Hins vegar bar á því í úrslitakeppni DHL-deilda að mönnum var heitt í hamsi. Aganefnd vill beina þeim tilmælum til forráðamanna félaga að þeir taki á slíkum málum af festu og aðstoði aganefndina í því að útrýma ofbeldi úr íslenskum körfuknattleik.

Aganefnd telur nauðsynlegt að breyta viðurlagsákvæðum í reglum um gildistöku leikbanns í úrslitakeppni. Þá vantar ákvæði í reglurnar um hver viðurlög séu við brotum þegar aðrir aðilar en dómarar kæra.

Fyrir hönd aganefndar KKÍ¹
Jón Eysteinsson



SKÝRSLA KVENNALANDSLIÐSNEFNDAR

Á síðastliðnu starfsári störfuðu eftirtaldir aðilar í kvennalandsliðsnefnd: Elínborg Guðnadóttir, Erla Sveinsdóttir og Kolbrún Jónsdóttir og þjálfari var Sigurður Ingimundarson eins og síðari hluta síðasta árs.

Eina verkefni landsliðsins á árinu var ferð á Promotion Cup á Möltu s.l. sumar. Til þeirrar farar voru eftirtaldar stúlkur valdar:

Hanna Kjartansdóttir	Breiðabliki
Anna María Sveinsdóttir	Keflavík
Helga Þorvaldsdóttir	KR
Guðbjörg Norðfjörð	KR
Linda Stefánsdóttir	ÍR
Anna Dís Sveinbjörnsdóttir	ÍR
Kristín Jónsdóttir	KR
Birna Valgarðsdóttir	Breiðabliki
Erla Þorsteinsdóttir	Keflavík
Kristín Blöndal	Keflavík
Alda Leif Jónsdóttir	Val
Erla Reynisdóttir	Keflavík

Faranstjóri í ferðinni var Elínborg Guðnadóttir og með í för var Leifur Garðarsson dómari.

Það er skemmt frá því að segja að Ísland sigraði á mótinu í fyrsta sinn í sögunni og er það einn besti árangur sem íslenska kvennalandsliðið hefur náð ef ekki sá besti.

Úrslit leikjanna urðu sem hér segir:

Ísland – Malta	92-50
Ísland – Andorra	100-39
Ísland – Kýpur	71-41

Undanúrslit:

Ísland – Lúxemborg	59-55
--------------------	-------

Úrslit:

Ísland – Albanía	81-73
------------------	-------

Til fjárlunar á liðnu ári sá kvennalandsliðið um sælgætissölu og veitingar til gesta á EM síðastliðið vor og einnig við uppsetningu auglýsingaskilta og fleira á Stjórnuleik KKÍ á síðastliðnum vetri


Kvennalandsliðið undirbýr sig nú af kappi fyrir Smáþjóðaleikana sem haldnir verða hér á landi í júní n.k. og er liður í þeim undirbúningi æfingaferð til Írlands þar sem leiknir verða 3 leikir við landslið Íra 14., 15., og 16. Maí n.k.

Það er von okkar að kvennalandsliðið fái góðan stuðning í leikjum sínum á Smáþjóðaleikunum í vor bannig að stelpurnar finni virkilega hvernig er að spila á heimavelli því nú er komið að því að Ísland vinni körfuboltakeppni kvenna á Smáþjóðaleikunum.

Par sem ég undirrituð hef ákveðið að láta að störfum í kvennalandsliðsnefnd að Smáþjóðaleikunum loknum vil ég nota þetta tækifæri til að þakka samstarfskonum mínum í kvennalandsliðsnefnd þeim Elínboru og Erlu fyrir samstarfið á liðnum árum, sem og Sigurði þjálfara.

Kvennalandsliðsnefnd þakkar stjórn og framkvæmdastjóra KKÍ fyrir gott samstarf á liðnu ári og vonar að áframhald verði þar á.

F.h. kvennalandsliðsnefndar
Kolbrún Jónsdóttir



SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA

Landsliðsnefnd var skipur þeim Gísla Friðjónssyni, Hirti Hanssyni og Pétri Hrafni Sigurðssyni.

Jón Kr. Gíslason var þjálfari liðsins og honum til aðstoðar var Jón Guðmundsson. Sjúkranuddari liðsins var, eins og undansfarin ár Ísak Leifsson

Landslið karla tók þátt í milliriðli Evrópukeppninnar og var riðillinn haldinn hér á landi. Var þetta mjög stórt verkefni með þátttöku alls fimm þjóða auk Íslands. Þjóðirnar sem þátt tóku voru: Kýpur, Írland, Albania, Danmörk og Lúxemborg. Tvö efstu sætin gáfu rétt til áframhaldandi þátttöku í Evrópukeppninni og var stefnt að því að tryggja sér annað af þessum tveim sætum. Það tókst og lenti íslenska liðið í öðru sæti á eftir Dönum. Það þýðir að Ísland hefur unnið sér rétt til að leika í "Semi-Final Round" eða í undanúrlitariðlum. Þar leika 6 þjóðir í hverjum riðli heima og heiman yfir tveggja ára tímabil. Fyrstu leikirnir hefjast í lok október 1997 og þeir síðustu verða í febrúar 1999. Það kemur í ljós 6. júlí hvaða þjóðum Ísland lendir á móti og er þar um verulegt happdrætti að ræða. Ljóst er að ef við lendum eingöngu á móti þjóðum frá Austur-Evrópu verður róðurinn mjög þungur bæði peningalega og árangurslega.

Skipulagning Evrópukeppninnar hér á landi tókst vel og voru þátttökubjóðir ánægðar með aðstæður. Undirbúningur gekk einnig vel hvað snerti KKÍ en vandamál voru með Laugardalshöllina þar sem leikklukka sem keypt var í húsið var ekki tilbúin á tíma. Tókst að setja hana af stað 5 mínútum áður en fyrsti leikurinn átti að hefjast. Var slíkt auðvitað ekki gott til afspurnar. Áhorfendur voru ekki margir og olli það nokkrum vonbrigðum þar sem um var að ræða góða leiki. Er það í raun underlegt að ekki sáust leikmenn sem leika í DHL-deildinni eða í 1. deild karla. Ekki sáust stjórnarmenn þessara félaga utan einn og einn. Spurningin hlýtur að vakna ef körfuboltamenn mæta ekki á landsleiki, er þá hægt að ætlast til að aðrir mæti?

Fjármögnun mótsins var erfið. Nefndinni tókst þó að forðast mikið tap. Fyrirtækið Markaðsmenn var fengið til að safna auglýsingum á leikvöll og í leikskrá. Það var þó formaður nefndarinnar Gísli Friðjónsson sem hvað öflugastur var í fjároflun og aflaði hann helnings alls auglýsingafjármagnsins eða rúmlega eina milljón króna.

Íslenska liðið lék two æfingaleiki við Noreg fyrir EM

14. maí 1997	Ísland – Noregur	78-72
15. maí 1997	Ísland – Noregur	72-75

Úrslit leikja í Evrópukeppninni:

22. maí 1997	Ísland – Luxemborg	96-63
23. maí 1997	Ísland – Kýpur	70-61
24. maí 1997	Ísland – Írland	89-74
25. maí 1997	Ísland – Albania	71-85
26. maí 1997	Ísland – Danmörk	87-98

Lokastaðan:

	Leikir	Unnir	Tapaðir	Stigaskor	Nettó	Stig
1. Danmörk	5	4	1	476-365	111	9
2. Ísland	5	3	2	413-381	32	8
3. Kýpur	5	3	2	358-366	-8	8
4. Írland	5	3	2	436-407	29	8
5. Luxemburg	5	1	4	352-465	-113	6
6. Albania	5	1	4	361-412	-51	6

Íslenska landsliðið tók þátt í Norðurlandamótinu, Polar Cup, sem haldið var í Finnlandi í ágúst 1996. Þar gekk liðinu þokkalega vel og var inni í öllum leikjum og átti möguleika á að lenda í öðru sæti fyrir síðasta leik gegn Svíum þar sem liðið hafði unnið Lettland. Var það eini tappleikur Lettlends í mótinu. Því miður tapaðist leikurinn við Svíþjóð og því varð liðið að sætta sig við fimmta sætið.

6. ágúst 1996	Ísland – Danmörk	91-97
7. ágúst 1996	Ísland – Lettland	102-99
8. ágúst 1996	Ísland – Finnland	88-99
10. ágúst 1996	Ísland – Svíþjóð	87-100

Í desember tók liðið þátt í sterku fjölgurra landa móti í Danmörku ásamt Frökkum, Litháum og gestgjöfunum Dönum. Liðinu hafði verið boðið á móti Luxemborg á sama tíma sem var mun veikara, en ákveðið var að fara á þetta sterka móti enda þar þjóðir af þeim gæðaflokki sem við komum til með að leika við í Evrópukeppninni.

27. desember 1996	Ísland – Frakkland	61-84
28. desember 1996	Ísland – Litháen	62-83
29. desember 1996	Ísland – Danmörk	66-82

Framundan eru æfingaleikir við Norðmenn 18. og 19. maí í Noregi og Smáþjóðaleikarnir sem fram fara í Smáranum í Kópavogi 3. – 7. júní.

Eftirtaldir leikmenn léku landsleiki á tímabilinu:

Birgir Órn Birgisson	14	Páll Kristinsson	10
Guðjón Skúlason	14	Sigfús Gizurarson	10
Guðmundur Bragason	14	Teitur Örlygsson	7
Herbert Arnarson	14	Pétur Ingvarsson	7
Hjörtur Harðarson	14	Páll Axel Vilbergsson	4
Jón Arnar Ingvarsson	14	Falur Harðarson	3
Helgi Jónas Guðfinnsson	10	Hinrik Gunnarsson	3
Hermann Hauksson	10	Albert Óskarsson	3
Marel Guðlaugsson	10	Eiríkur Önundarson	3

F.h. landsliðsnefndar
Pétur Hrafn Sigurðsson

SKÝRSLA UNGLINGANEFNDAR

UNGLINGASTARFIÐ

U80

Undirbúningur hófst með æfingabúðum í ágústlok 1995. Liðið tók þátt í Íslandsmóti unglingsflokk sem gestalið og æfingabúðir fóru reglulega fram meðan á keppnistímabili stóð. Markvisst var æft fyrir Borgardeppni Norðurlanda sem fram fór í Noregi vorið '96. Um sumarið '96 var æft eftir skipulagi nokkrar helgar með 25 manna hóp og grunnur lagður að næsta tímabili með þátttöku á NM og EM í huga. Á tólf mánaða tímabili fengu u.p.b. sextíu leikmenn að reyna sig með unglingslandsliðshópnum um lengri eða skemmi tíma.

BORGARKEPPNI NORÐURLANDA Í OSLÓ 24. - 28. MAÍ '96

Send voru tvö átta manna lið á mótið, Reykjavík og Reykjanes, og léku þau í flokki '79 og yngri. Þar fyrir utan sendi Þór, Akureyri, lið til þátttöku í sama aldursflokk. Það voru því samankomnir 23 af 25 manna U80 hóp á mótið. Lið i þessu móti komu frá öllum Norðurlöndunum nema Finnlandi. Leikið var í riðlum og er skemmt frá því að segja að Reykjavík og Reykjanes léku um 5. sætið og sigrar Þreykjanes. Þór Akureyri, styrkt með þremur leikmönnum Tindastóls varð sigurvegari mótsins.

Þrátt fyrir að liðin hafi aðeins lent í 5. - 6. sæti er ekki hægt að bera leiki úr þessu móti saman við þá landsleiki sem á liðið átti eftir að leika. Þegar litið er til baka hefði liðið þurft á fleiri landsleikjum að halda í stað slíkra æfingaleikja. Þetta er ágætismót fyrir félagslið en ekki landslið. Þeir sem tóku þátt í verkefninu voru:

Davíð Jónsson	Keflavík
Davíð Jens Guðlaugsson	Snæfell
Guðmundur Þór Magnússon	KR
Halldór Úlriksson	KR
Hallgrímur Brynjólfsson	Þór, Þorlákshöfn
Ingi Freyr Vilhjálmsson	KR
Jón Nordal Hafsteinsson	Keflavík
Jónas Haraldsson	KR
Leifur Steinn Árnason	KR
Logi Gunnarsson	UMFN
Lýður Vignisson	Snæfell
Morten Þór Szmidtowicz	UMFG
Oli Ásgeir Hermannsson	Keflavík
Páll Þórdarson	UMFN
Sæmundur Jón Oddson	Keflavík

NORÐURLANDAMÓT UNGLINGALANDSLIÐA Í HELSINKI 26.-30. DESEMBER

Mótið fór fram í miðborg Helsinki en liðin héldu til á farfuglaheimili á Olympíuleikvangnum. Segja má að mótið hafi farið vel af stað þegar Ísland vann Eistland nokkuð óvænt í fyrsta leik. Fyrirfram var vitað að Eistar, þáverandi NM-meistarar, ásamt Finnum og Svíum væru með sterkustu liðin. Íslenska liðið blandaði sér hins vegar fljóttlega í baráttu um efstu sætin. Þegar leið á mótið var nokkuð ljóst að Svíar myndu fara með sigur af hólmi. Spurningin var aðeins hvernig röðin yrði á þremur næstu. Eistar unnu Finna nokkuð örugglega og því varð íslenska liðið að sigrar Finna til þess að lenda í 3. sæti. Það gekk ekki eftir. Unglingalandslíðið sigrar síðan Dani mjög örugglega í sínum síðasta leik og lenti því í 4. sæti með jafn marga sigrar og Eistar og Finnar en með óhagstæðasta stigahlutfallið í innbyrðis viðureignum þessa þriggja þjóða.

MARKMIÐ OG ÁRANGUR

Fyrir mótið var markmið að lenda í a.m.k. 4. sæti. Til þess að nái settu marki var nauðsynlegt að vinna Norðmenn og Dani og síðan eitt af þremur stærri liðunum. Þetta tókst. Vitað var að leikmenn íslenska liðsins áttu mikil inni; þetta var fyrsta alvöru reynsla flestra leikmanna U80 á alþjóðlegum vettvangi, og voru þeir staðráðnir í að gera mun betur á EM vorið '96. Þegar litið er á mótið í heild kemur í ljós að þetta er annar besti árangur íslensks unglingslandsliðs á NM-móti eða 60% vinningshlutfall.

Þeir sem léku:

Davíð Jens Guðlaugsson	Þór, Ak.
Guðmundur Þór Magnússon	KR
Ingi Freyr Vilhjálmsson, fl.	KR
Jón Nordal Hafsteinsson	Keflavík
Jónas Haraldsson	KR
Logi Gunnarsson	UMFN
Lýður Vignisson	Snæfell
Morten Þór Szmiedowicz	Kelavík
Óli Ásgeir Hermannsson	Keflavík
Savar Atli Birgisson	UMFT
Sæmundur Jón Oddson, v.fl.	Keflavík
Sævar Sigurmundsson	KR

Sæmundur Jón Oddson var í lok mótsins valinn í fimm manna úrvalsslið mótsins og þeir Svavar Atli og Sævar voru meðal frákastahæstu manna mótsins.

Þjálfari liðsins var Hörður Gauti Gunnarsson og aðstoðarþjálfari og fararstjóri var Jón Guðbrandsson. Dómari var Rögnvaldur Hreiðarsson.

Þess ber að geta meirihluti kostnaðar var greiddur af leikmönnum sjálfum. Til samanburðar þá verja Sviar um 3 milljónum íslenskra króna í sitt unglingslandslið á einu ári.

Úrslit á NM urðu eftirfarandi:

26.12.96	Ísland - Eistland	76:70	(41:34)
27.12.96	Ísland - Svíþjóð	83:98	(43:42)
28.12.96	Ísland - Noregur	97:88	(48:55)
29.12.96	Ísland - Finnland	84:103	(34:55)
30.12.96	Ísland – Danmörk	97:70	(45:32)

EVRÓPUMÓT UNGLINGALANDSLIÐA Í PORTÚGAL 9. - 13. APRÍL 1997. (Skýrsla Eyjólfs Þórs Guðlaugssonar)

Unglingslandslið KKÍ tók þátt í Evrópukeppni unglingslandsliða (f. 1980 og síðar) í Portúgal dagana 9. - 13. apríl 1997. Um var að ræða einn riðil af sex í svokallaðri forkeppni Evrópumótsins. Í riðlinum voru ásamt Íslendingum, Spánn, Írland, Pólland, Svíþjóð og gestgjafarnir Portúgalar.

MARKMIÐ:

Þrjú efstu liðin komast áfram í milliriðil og stefnan var sett á eitt af þeim sætum. Það munaði ekki miklu. Úrslitaleikur við Íra um sætið var mikill taugaspennuleikur þar sem þeir reyndust sterkari á því sviði. Reyndar fannst okkur dómararnir ekki hliðhollir okkur eins og sést greinilega á tölfraðinni. Liðin eru mjög jöfn og sigurinn hefði hæglega getað lent okkar megin.

UNDIRBÚNINGUR:

Liðið hafði æft og leikið saman í 19 mánuði. Á þessu tímabili hafði liðið leikið sem gestalið í Íslandsmóti unglingsflokks. Farin var æfingaferð til Noregs í maí 1995 og á Norðurlandamót í Finnlandi í desember 1996. 18 manna hópur var valinn til æfinga í byrjun mars og þeir æfðu síðan saman fram yfir páiska (ca. 10 æfingar). Þá var valinn 12 manna hópur til að fara til Portúgal (sjá meðfylgjandi lista). Hann æfði síðan saman 5 sinnum áður en farið var út.

FERÐALAG:

Farið var þriðjudaginn 8. apríl kl. 07:50 frá Keflavík til London. Þaðan var flogið til Porto. Hálftíma akstur var síðan til Vila do Conde sem er sjávarþorp um 20 km norður af Porto. Þar gistum við á íbúðarhótelinu Santana. Komum þangað um kl. 22:00 að staðartíma. Frá hótelinu var um 7-8 mínútna akstur að íþróttahúsini sem leikið var í og æft. Mjög gott íþróttahús og stórt (um 3.000 manns í sæti). Við æfðum alla morgnana fyrir leik nema fyrir þann síðasta. Skipulag Portúgala var mjög gott og öll

þjónusta með miklum ágætum. Við fengum skipulagið í hendurnar við komu, ferðir, matmálstímar, æfingar og leikir. Allt stóðst. Maturinn var mjög góður og vel útilátinn. Reyndar var alltaf fiskur í annað málid sem var misvinsælt hjá 16 ára unglungum, en hann var yfirleitt mjög vel ætur. Lagt var af stað frá Vila do Conde kl. 05:00, mánudaginn 14. apríl og flogið kl 06:25 til Lissabon, þaðan til London og komið til Keflavíkur kl. 15:00.

Þeir sem léku landsleikina:

Guðlaugur Eyjólfsson	UMFG
Guðmundur Þór Magnússon	KR
Halldór Úlriksson	KR
Ingi Freyr Vilhjálmsson, fl.	KR
Ísak Einarsson	UMFT
Jón Nordal Hafsteinsson	Keflavík
Logi Gunnarsson	UMFN
Lýður Vignisson	Snæfell
Morten Þór Szmiedowicz	Kelavík
Savar Atli Birgisson	UMFT
Sæmundur Jón Oddson, v.fl.	Keflavík
Sævar Sigurmundsson	KR

Úrslit leikja á EM urðu eftirfarandi:

09.04.97 Ísland - Spánn	59:93	(34:49)
10.04.97 Ísland - Svíþjóð	75:63	(35:28)
11.04.97 Ísland - Portúgal	58:52	(29:39)
12.04.97 Ísland - Pólland	59:83	(23:36)
13.04.97 Ísland - Írland	69:81	(38:34)

NIÐURLAG:

Það eru nokkur atriði sem undirritaður vill benda á sem betur hefði mátt gera og hefðu kannski orðið til þess að markmiðið hefði náðst:

- Val á liðinu hefði átt að vera búið fyrr. Of mikil spenna á æfingum rétt fyrir mótið.
- Fleiri æfingar og leikir mánuðinn fyrir mótið. Reyndar höfðu önnur utanaðkomandi áhrif á þennan þátt(verkföll og fl.).
- Ferðalagið út erfitt. 6 tíma bið í London. Öll hin liðin komu snemma dags 8. apríl og æfðu þann dag.
- Búningamál til skammar.

Þetta var fyrsta ferð undirritaðs og vegna líttillar reynslu gat hann ekki séð þetta fyrir. En hann mun gera sitt besta til að næst muni þetta gert betur.

Með skýrslu þessari fylgir listi yfir lið, þjálfara, dómara og fararstjóra ásamt tölfræði íslenska liðsins, úrslit og lokastaða mótsins.

Virðingafyllst,

Eyjólfur Þór Guðlaugsson
unglinganefnd KKÍ

U82 & U83

Æfingabúðir voru fyrst haldnar í ágústmánuði 1996 í íþróttahúsini við Austurberg, í tengslum við Hringferð KKÍ. Voru þar yfir eitthundrað leikmenn samankomnir, rúmlega fimmtíu úr hvorum árgangi, og æft eina helgi. Var sá háttur hafður á að farið var í undirstöðuatriði á æfingum á morgnana og leikið eftir hádegi. Þá fóru einnig fram skotkeppni, keppni í 1 á 1 og leikinn stjörnuleikur.

Stjórnendur búðanna voru þeir Hörður Gauti Gunnarsson og Björn Magnús Björgvinsson og aðrir þjálfarar voru Jón I. Guðbrandsson og Eggert Garðarsson. Í framhaldi af þessum búðum ákvað unglingsanefnd KKÍ að tímasetja æfingabúðir, á vegum sambandsins, í þessum aldursflokkum og auglýsa í handbók KKÍ. Vegna mannfæðar í unglingsanefnd reyndist ekki unnt að fylgja þessu eftir, þ.e. að halda æfingabúðir á auglýstum tíma. Nýskipuð unglingsanefnd KKÍ hefur farið af stað með verkefnið og vinnur nú með 30-40 manna hóp. Naestu verkefni þessa hóps eru NM í des. '98 og EM vorið '99.

U81

Unglingsanefnd KKÍ fór af stað með verkefni fyrir unglingslandslið karla U81 (leikmenn fæddir 1981 og síðar) um áramótin '96-'97. Um var að ræða leikir við skosk unglingslið, sem leiknir voru í Glasgow, frá fös. 17. jan. til mán. 20. jan. 1997. Fyrsti leikurinn fór fram í miðborg Glasgow og var leikið við úrvalslið Glasgowborgar í sama árgangi. Leikur vannst frekar auðveldlega með um 80 stigum. Á laugardeginum var leikið við unglingslandslið Skotlands í bænum Arbroath og endaði hann með um 50 stiga mun fyrir íslenska liðið. Þriðji leikurinn fór einnig fram í Arbroath, á sunnudeginum og var þá leikið við sterkasta félagslið/skólalið Skotlands í '78 árgangnum. Vannst hann einnig með 10 stiga mun. Þjálfarar liðsins og fararstjórar voru Hörður Gauti Gunnarsson, unglingslandsliðsþjálfari og Jón Guðbrandsson aðstoðarþjálfari. Dómari var Einar Þór Skarphéðinsson.

Leikmenn greiddu allan kostnað varðandi ferðina sjálfir. Þeir voru two daga í heimagistingu en að öðru leyti var gisting og uppihald greitt af skoska körfuknattleikssambandinu.

Í framhaldi af þessari ferð átti að boða U81-liðið til æfingabúða annað slagið fram á haust. Af því hefur ekki orðið. Áætlað var að leika 3 leiki við Skotland sumarið 1997, hér á landi en ekkert verður af því.

Þeir sem léku leikina voru eftirtaldir:

Benedetto Nardini	Valur
Davíð Jónsson	Keflavík
Guðmundur Ásgeirsson	UMFG
Gísli Einarsson	Keflavík
Halldór Úlriksson	KR
Jón Gunnar Magnússon	Stjarnan
Magni Hafsteinsson	KR
Magnús Guðnarsson	Keflavík
Matthías Rúnarsson	UMFT
Ólafur Ægisson	KR
Sveinn Blöndal	KR
Örlygur Sturluson	UMFN

Jón Arnór Stefánsson, KR, var valinn í liðið en komst ekki vegna veikinda.

Úrslit landsleiks:

18.01.97 Ísland – Skotland 94:47 (54:27)

Eftir að hyggja er ferð sem þessi mjög hentug fyrir uppbyggingu yngri landsliða. Á stuttum tíma er hægt að leika nokkra landsleiki með litlum tilkostnaði. Aftur á móti voru leikirnir í þessari ferð of auðveldir þannig að leikmenn fengu ekki eins mikið út úr þeim og vonast var eftir. E.t.v. væri betra að halda sameiginlegar æfingabúðir með Skotum, t.d. í Skotlandi þar sem þeir geta útvegað mjög reynða þjálfara og öll aðstaða til fyrirmynadar. Annar góður kostur er að fara með yngri liðin til Hollands. Kostnaður er svipaður og ferð til Skotlands en þar er jafnframt stutt að fara t.d. til Belgia.

HRINGFERÐ KKÍ

Unglinganefnd tók að sér verkefni, sumarið '96, sem nefnt var „Hringferð KKÍ - okkar framtíð“. Um var að ræða æfingabúðir þar sem til leiks var boðið bæði piltum og stúlkum á aldrinum 12-16 ára. Farið var á tíu staði vitt og breitt um landið og haldnar 15 æfingabúðir. Alls mættu vel á fimmtíð hundrað leikmenn í búðirnar. Lögð var megináhersla á undirstöðuatriðin en skemmtana- og keppnisþátturinn voru ekki langt undan. Æft var á morgnana og leikið seinni hluta dags þegar um helgarbúðir var að ræða en í miðri viku voru kvöldæfingar með aðeins öðru sniði. Hápunktur verkefnisins voru síðan æfingabúðir í Austurbergi fyrir '82 og '83 árganga (sjá umfjöllun framar). Markmiðið með þessu verkefni var að kynna ungmennum um allt land undirstöðuatriði í íþróttinni svo og að finna efnilega leikmenn sem kæmu til greina í verðandi unglingslandslið. Þar að auki var eitt af markmiðunum að finna hávaxna leikmenn.

Flestar æfingabúðirnar tókust vel og markmiðin sem sett voru í upphafi náðust að mestu. Þörf er á sliku verkefni á hverju sumri ef takast á að virkja ungmenni um allt land til að taka þátt í deildum félaganna. Ungir efnilegir leikmenn fá þá einnig tækifæri á að sýna hvað í heim býr.

Stjórnendur og skipuleggjendur æfingabúðanna voru Björn M. Björgvinsson og Hörður Gauti Gunnarsson. Aðrir þjálfarar sem veittu aðstoð sína voru þeir Jón I. Guðbrandsson, Sigurður Hjörleifsson, Björn Leósson, Karl Jónsson, Guðbrandur Stefánsson, Svali Björgvinsson, Torfi Magnússon, Ingi Þór Steinþórsson, Águst Guðmundsson og Eggert Garðarsson.

VERKEFNI FRAMUNDAN


‘83 árgangur til Barcelóna sumarið ‘97

5 leikmenn úr árgangnum verða valdir til þátttöku í evrópskum æfingabúðum sem fara fram í Barcelóna dagana 26.6 – 6.7 ‘97.

PolarCamp í Helsinki í Finnlandi 28.7 - 31.7 '97 (drengir fæddir '81 og síðar)

f.h. unglininganefndar,

Hörður Gauti Gunnarson



SKÝRSLA UNGLINGANEFNDAR KVENNA

Starfið var með hefðbundnum hætti eins og undanfarin ár. Undirritaður sá um alla hluti varðandi starfið þar sem engin nefnd var starfandi kringum liðið frekar en undanfarin ár.

Tvennar æfingabúðir voru haldnar á tímabilinu. Þeir fyrri voru í tengslum við hringferð KKÍ og voru fyrir stúlkur fæddar 1980-1983. Síðari æfingabúðirnar voru haldnar í ágúst fyrir stúlkur fæddar 1980-1981. Þessar búðir voru haldnar til þess að velja æfingahóp fyrir Norðurlandamótið sem framför í desember.

Farin var æfingaferð til Skotlands í september þar sem leiknir voru þrír leikir. Ferð þessi var ekki eins góð æfing eins og vonast var til þar sem skosku liðin voru ekki nóg sterk.

Úrslit leikja urðu sem hér segir:

Ísland – Skotland	83-54
Ísland – Skotland	90-32
Ísland – Polonia	62-21

Eftirtaldar stúlkur léku fyrir Íslands hönd:

Bryndís Gísladóttir	Keflavík
Efemía Rún Sigurbjörnsdóttir	Tindastóll
Eva Stefánsdóttir	UMFN
Erna Þórðardóttir	ÍR
Gunnar Bjarnadóttir	ÍR
Jófríður Halldórsdóttir	ÍR
Marin Karlsdóttir	Keflavík
Rannveig Randversdóttir	UMFN
Rannveig Þorvaldsdóttir	KR
Sólveig Gunnlaugsdóttir	UMFG
Stefanía Ásmundsdóttir	UMFG
Stella Rún Karlsdóttir	Breiðablik

Dómari í ferðinni var Þorgeir Jón Júlíusson.

Næsta verkefni var undirbúningur fyrir Norðurlandamótið sem haldið var í Danmörku 26.-30. desember. Undirbúningur gekk vægast sagt mjög illa. Aðallega vegna veikindafaraldurs og ekki síst vegna þess hve margir leikir voru hjá þessum stúlkum í nóvember og desember. Aðeins náðust fjórar æfingar sameiginlega með liðinu sem valið var í ferðina. Slíkur undirbúningur getur ekki skilað viðunandi árangri, en við þetta varð ekki ráðið. Við þetta bættist síðan að þegar út var lagðist helmingurinn af hópnunum í rúmið, ekki var á bætandi. Þrátt fyrir öll þessi óhöpp var aldrei nein uppgjöf í liðinu heldur reynt að gera sitt besta allan tíman. Það markmið sem raunhæft var talið fyrirfram náðist þó, þ.e. að vinna Noreg, en aðrir leikir töpuðust.

Eftirtaldar stúlkur léku fyrir Ísalnds hönd:

Efemía Rún Sigurbjörnsdóttir	Tindastóll
Eva Stefánsdóttir	UMFN
Guðrún Arna Sigurðardóttir	Snæfell
Gunnar Bjarnadóttir	ÍR
Jófríður Halldórsdóttir	ÍR
Kristín Rut Eyjólfssdóttir	Höttur
Marin Karlsdóttir	Keflavík
Rannveig Randversdóttir	UMFN
Rósa Ragnarsdóttir	UMFG
Sólveig Gunnlaugsdóttir	UMFG
Stefanía Ásmundsdóttir	UMFG
Stella Rún Karlsdóttir	Breiðablik

Faranstjóri í ferðinni var Ólafur Rafnsson og dómari Kristján Möller.

Næstu verkefni eru Polar Camp í júlí í Finnlandi. Einnig stendur til boða að fara með undir 19 ára liðið til Bandaríkjanna í júlí á móti sem kallað er U-19 High School Basketball World Championships. Mjög áhugavert móti, óvist er með þáttöku.

Þar sem undirritaður hefur hatt störfum sem þjálfari, landsliðsnefnd og fararstjóri allt í senn, eftir tíu ára starf, vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim frábæru stúlkum sem leikið hafa fyrir Íslands hönd á þessum árum, fyrir frábæra viðkynningu og allan þann vinarhug sem margar ykkar hafa sýnt mér. Þetta hefur verið þrolaus baráttá frá minni hálfu fyrir ykkar rétti til jafns við aðra. Vonandi hefur sú baráttá skilað einhverju fram á veginn í fyrir kvennakörfuna, en betur má ef duga skal. Þessum tíu árum mun ég aldrei gleyma. Hafið þökk fyrir samstarfið.

Sigurður Hjörleifsson

